



**91. fundur Byggðaráðs Múlapings
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 8. ágúst 2023
og hófst hann kl. 08:30**

Fundinn sátu:

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður, Vilhjálmur Jónsson varaformaður, Ívar Karl Hafliðason aðalmaður, Hildur Þórisdóttir aðalmaður, Helgi Hlynur Ásgrímsson aðalmaður, Þröstur Jónsson áheyrnarfulltrúi, Björn Ingimarsson sveitarstjóri, Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri og Óðinn Gunnar Óðinsson skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri

Dagskrá:

1. 202301003 - Fjármál 2023

Fjármálastjóri og sveitarstjóri fóru yfir og kynntu mál er varða fjármál og rekstur sveitarfélagsins.

Lagt fram til kynningar.

2. 202307106 - Ábyrgð vegna lántöku HEF

Fyrir liggur að taka afstöðu til ábyrgðaryfirlýsingar Múlapings, kt. 660220-1350, til tryggingar yfirdráttarheimildar HEF Veitna sem er að öllu leyti í eigu sveitarfélagsins.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð beinir því til sveitarstjórnar Múlapings að samþykkt verði eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Múlapings samþykkir hér með að gangast í sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttarlánstöku HEF Veitna ehf. kt. 470605-1110 hjá Arionbanka hf. að fjárhæð kr. 500.000.000 og gildi til ársloka 2023. Er sjálfskuldarábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir veitunnar á starfsvæði Múlapings.

Sveitarstjórn Múlapings skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda HEF Veitna til að breyta ekki ákvæði samþykktar félagsins um tilgang eða sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila. Fari svo að eignarhlutur sveitarfélagsins verði seldur til annarra opinberra aðila, skuldbindur sveitarfélagið sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta, verði það ekki greitt upp. Jafnframt er Birni Ingimarssyni sveitarstjóra kt. 301254-4079 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Múlapings veitingu ofangreindrar ábyrgðar.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.



3. 202301126 - Atvinnulóðir í Múlaþingi

Fyrir liggur tillaga um aðila til að vinna matsgerð fyrir hönd sveitarfélagsins varðandi verðmat á landi Egilsstaða 2.

Eftirfarandi tillaga lögð fram.

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að samið verði við Bjarna G. Björgvinsson um að vinna mat á verðmæti lands Egilsstaða 2 sem er til skoðunar að sveitarfélagið festi mögulega kaup á. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi við viðkomandi fyrir hönd sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Þröstur Jónsson lagði fram eftirfarandi bókun:

Mér þykir rétt að áréttu að yfirskrift liðar þessa „Atvinnulóðir í Múlaþingi“ er skv. mínum skilningi röng. Það land sem um ræðir er alls ekki fyrirhugað fyrir atvinnulóðir fremur en íbúabyggð enda liggur skiplag ekki fyrir á öllu svæðinu. Þá er ljóst að þessi mögulegu landakaup koma til af mögulegri vegalagningu Suðurleiðar frá Fjarðarheiðargöngum. Skondið ef sveitarfélagið þarf að fara út í landakaupakostnað vegna Suðurleiðar á meðan sveitarfélagið mundi fá sölutekjur af landi vegna Norðurleiðar.

4. 202308001 - Minningargjöf

Fyrir liggur fyrirspurn vegna óskar um minningargjöf til sveitarfélagsins.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að orðið verði við fyrirliggjandi ósk um að sveitarfélaginu verði færð minningargjöf og felur garðyrkjustjóra að ákveða staðsetningu gjafarinnar í Egilsstaðaskógi í samráði við þau er að gjöfinni standa. Byggðaráð Múlaþings samþykkir jafnframt að fela skrifstofustjóra og atvinnu- og menningarstjóra að vinna reglur um listaverk í eigu Múlaþings þar sem fram komi m.a. hvernig standa skuli að kaupum á listaverkum og móttöku listaverkagjafa. Er umræddar reglur liggja fyrir skulu þær lagðar fyrir byggðaráð til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:40

